

Ársskýrsla 2023

Myndlistarmiðstöð
Icelandic Art Center

Þeir sem starfa við myndlist, listafólk, þeir sem miðla myndlist, kenna myndlist og þeir sem fjalla um hana á opinberum vettvangi vita vel hversu margræð áhrif myndlistar geta verið á hugarheim fólks. Áhrifin eru ekki alltaf augljós og alls ekki auðveld að skilgreina, flokka eða raða. En þeir sem finna fyrir áhrifunum efast ekki. Þörfin fyrir meira er sterkasti drifkrafturinn, þörfin til að skapa og gera betur, hafa áhrif og upplifa alltaf eitthvað nýtt og nýtt. Myndlistarmiðstöð starfar samkvæmt Myndlistarstefnu stjórnvalda 2020–2030 og allir þættir starfseminnar taka smám saman breytingum í takti við nýtt og víðtækara hlutverk miðstöðvarinnar sem þar hefur verið skilgreint.

Starfsemin á árinu bar að sjálfsögðu keim af undirbúningi fyrir sýningu Hildigunnar Birgisdóttur sem opnaði í Feneyjum í apríl 2024, en mörg önnur verkefni voru viðamikil í starfsemi ársins eins og gerð er ítarleg grein fyrir í ársskýrslunni.

Eitt aðalhlutverk Myndlistarmiðstöðvar er að styðja við og kynna íslenska samtímalist á alþjóðavettvangi, jafnframt því að vekja athygli innanlands á því sem er að gerast í íslensku myndlistarlífi. Ný heimasíða Myndlistarmiðstöðvar, sem er hönnuð og byggð upp til að sinna betur nýju og útvíkkuðu hlutverki miðstöðvarinnar, var gerð opinber í lok ársins. Þar er vakin athygli á íslenskum sýningum erlendis og sýningum vítt og breitt um landið auk annarra viðburða á myndlistarsviðinu. Efnið er bæði á íslensku og ensku og nær þannig til mun fleiri.

Það vekur athygli bæði íbúa og gesta hve mikil gróska er á myndlistarsviðinu hér á landi og það dylst engum sem kynnir sér málin að íslenskt myndlistarlíf byggir á mikilli breidd og þróttmikilli starfsemi á ýmsum sviðum.

En það er margt óunnið. Það skortir á opinbera umræða um myndlist, fleiri opinberar kappræður og jafnvel átök. Það væri líka hægt að gera meira til að aðstoða myndlistarfólk við að koma sér betur á framfæri utan landsteinanna, fylgja eftir þeim tækifærum sem bjóðast og rækta tengslanetin.

Samt sem áður stendur íslenskt myndlistarlíf í miklum blóma þökk sé opinberum stuðningi, áhuga almennings og framlagi fagfólks í myndlist sem flest er hámenntað á sínu sviði en vinnur oftast en ekki mikinn hluta sinna verka endurgjaldslaust. Þá þarf eitthvað að koma á móti. Nokkuð framboð er af verkefnatengdum samkeppnissjóðum sem gerir myndlistarfólki og öðru listafólki mögulegt að sækja tímabundið um stuðning. Auk þess hafa Myndlistarverðlaunin og fleiri verðlaun hvetjandi áhrif. Hringinn í kringum landið skipuleggja starfandi myndlistarmenn fjölda sýninga, hátíðir, alþjóðlegar gestavinnustofur og viðburði með þátttöku almennings. Oft eru þetta sjálfsprottin myndlistarverkefni sem halda ekki velli nema til komi mikil hvatning, stuðningur og utanaðkomandi fjárframlög. Starfsemi Myndlistarmiðstöðvar hefur m.a. það hlutverk að stuðla að meiri sýnileika þessarar gróskumiklu senu. Þeir sigrar íslensks myndlistarfólks sem unnist hafa á alþjóðlegum vettvangi í sífelld vaxandi samkeppni kæmu ekki til nema vegna þess að við höfum öll tekið höndum saman um að rækta myndlistina og veita henni brautargengi hér innanlands. Það er mikilvægt fyrir fámenna þjóð að eiga sér öflugt menningar- og listalíf. Myndlistarmiðstöð mun halda áfram að þróa hlutverk sitt við framkvæmd Myndlistarstefnunnar 2020–2030. Öflug miðstöð getur komið ýmsu til leiðar bæði ein og sér og með því að leggja við hlustir og leita samstarfs við aðra sem vinna að vexti og viðgangi íslenskrar myndlistar og myndlistarfólks.

Stofnunin

Myndlistarmiðstöð er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn og starfar á grundvelli laga nr. 19/1998 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá. Markmið með starfsemi miðstöðvarinnar skv. stofnskrá er að kynna íslenska myndlist innanlands og utan og auka þátttöku íslenskra myndlistarmanna í alþjóðlegu myndlistarstarfi. Í því felst m.a. að hafa frumkvæði að sýningum á íslenskri myndlist á alþjóðlegum vettvangi, þátttaka í alþjóðlegum vinnustofum og kynningar á listamönnum sem þar dvelja. Einnig er það markmið miðstöðvarinnar að efla tengsl við alþjóðlegt listumhverfi með því að bjóða blaðamönnum, sýningarstjórum og erlendum fagaðilum til Íslands.

Miðstöðinni er einnig ætlað að vekja áhuga og auka skilning almennings á myndlist og greiða fyrir samskiptum milli aðila greinarinnar. Hlutverk miðstöðvarinnar felst einnig í að stuðla að þróun innan stjórnkerfis og stofnanna svo efla megi þátt myndlistar sem víðast í samfélaginu. Auk þess er miðstöðinni ætlað að veita ráðgjöf, fræðslu og miðla upplýsingum til fagfólks, almennings og opinberra stofnanna.

ÞóttæðimræðilbnyM

Ársskýrsla 2023

4

Fastir starfsmenn á tímabilinu,
í 100% starfi:
Auður Jörundsdóttir
forstöðumaður
Þórhildur Tinna Sigurðardóttir
Tinna Guðmundsdóttir

Aðrir starfsmenn og
samstarfsfélagar
Grafísk hönnun
Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)
Bókhald
Heiðrún Harðardóttir
Endurskoðun
Skattur & Bókhald

Skrifstofa
Myndlistarmiðstöð rekur skrifstofu
í Gimli,
Lækjargötu 3, 101 Reykjavík.
Miðstöðin leigir
skrifstofuaðstöðuna af
Listahátíð í Reykjavík.



Í stjórn Myndlistarmiðstöðvar sitja fimm fulltrúar. Eftirtaldir aðilar tilnefna hver um sig einn fulltrúa: Menningarmálaráðuneyti, Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM), viðurkennd listasöfn, Samtök listamannarekinna myndlistarrýma og Listfræðafélagið.

Hver fulltrúi er tilnefndur til þriggja ára í senn:

Elísabet Gunnarsdóttir, formaður, tilnefnd af viðurkenndum listasöfnum á sviði myndlistar

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, tilnefnd af menningarmálaráðherra

Margrét Áskelsdóttir, tilnefnd af Listfræðafélaginu

Pétur Thomsen, tilnefndur af SÍM

Örn Alexander Ámundason, tilnefndur af samtökum listamannarekinna myndlistarrýma



Fulltrúaráð Myndlistarmiðstöðvar

Eftirtaldir aðilar sæti í fulltrúaráði:

Stjórn Myndlistarmiðstöðvar
Listasafn Íslands
Listasafn Reykjavíkur
Listasafnið á Akureyri
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn
Hafnarborg
Listasafn Háskóla Íslands
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn ASÍ
Listasafn Árnesinga
Listasafn Reykjanesbæjar
Nýlistasafnið
Safnasafnið

Íslandsstofa
Myndstef
Listfræðafélagið
Utánríkisráðuneytið
Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Samtök listamannarekinna
myndlistarrýma
Samband íslenskra
myndlistarmanna, 5 fulltrúar

Fagráð

Í fagráði sitja forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar, fulltrúi SÍM úr stjórn miðstöðvarinnar og einn úr stjórn miðstöðvar skv.ákvörðun hennar. Fagráð tekur ákvarðanir um styrkveitingar, velur listamenn til þátttöku í alþjóðlegum myndlistarsýningum og öðrum verkefnum á vegum miðstöðvarinnar. Fagráð er skipað til tveggja ára í senn.

Í fagráði á árinu sátu Auður Jörundsdóttir, Pétur Thomsen og Elísabet Gunnarsdóttir

ÖtjēđimjēilbnyM

Ársskýrsla 2023

Miðstöðin starfar fyrir myndlistarráð og myndlistarsjóð samkvæmt þjónustusamningi.

Myndlistarráð er skipað til þriggja ára í senn, ráðherra menningarmála skipar ráðið samkvæmt tilnefningum Listasafns Íslands, Listfræðafélagsins og SÍM. Formaður er skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Myndlistarráð 2022–2025 skipa:

Ásdís Spanó formaður

skipuð af menningarmálaráðherra

Anna Jóhannsdóttir varaformaður

skipuð af Listasafni Íslands

Margrét Elísabet Ólafsdóttir

f.h. Listfræðafélagsins

Katrín Elvarsdóttir,

f.h. Sambands íslenskra myndlistarmanna

Hlynur Helgason

f.h. Sambands íslenskra myndlistarmanna



Unnið var í nánu samstarfi við Íslandsstofu líkt og síðastliðin ár. Íslandsstofa fjármagnar kynningarmál Feneyjatvícerings, styður við útgáfu myndlistartímarits og gerð hlaðvarpsþátta. Auk þess fékkst stuðningur og ráðgjöf við fleiri þætti starfseminnar s.s. heimsóknir blaðamanna. Áframhald var á verkefninu Skapandi Ísland sem hófst haustið 2021. Verkefnið er samstarf milli Íslandsstofu og stjórnvalda og unnið í samstarfi við miðstöðvar listgreina. Lagðar eru til níutíu milljónir árlega frá stjórnvöldum. Verkefninu er ætlað að kynna bókmenntir, hönnun, myndlist, tónlist og sviðslistir á alþjóðavettvangi.

Verkefni 2023

ÖtæðimattalbrýM

Ársskýrsla 2023

9

Myndlistarm
retneO trA c

Á árinu var starfsemi Myndlistarmiðstöðvar útvíkkuð og hún starfrækt undir nýju nafni. Stefna og starfsemi miðstöðvarinnar var mótuð á árinu með nýtt hlutverk til hliðsjónar. Ýmis ný verkefni eru nú á ábyrgð miðstöðvarinnar og nokkrar aðgerðir myndlistarstefnu á ábyrgð miðstöðvarinnar ýmist tímabundin verkefni eða verkefni til lengri tíma. Aukið fjármagn fékkst frá ráðuneyti til framlvæmdar á nokkrum aðgerðum stefnunnar.

Á árinu var farið í heildarendurmörkun á öllu efni miðstöðvarinnar. Nýtt merki miðstöðvarinnar var tekið upp og allt útlit samræmt. Mörkun kynningarefnis Myndlistarsjóðs var einnig samræmt og felld undir efni miðstöðvarinnar.

Í lok árs var ný heimasíða tekin í gágnið en unnið var að henni frá ársbyrjun 2023. Fyrirtækið Hugsmiðjan vann verkefnið fyrir miðstöðina að undangengnu tilboðsferli frá þremur mismunandi aðilum. Ný síða tekur við hlutverki nokkurra eldri síðna, síðu Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Myndlistarráðs- og sjóðs, Fimmtudagsins langa og með möguleika á hýsingu nýrra verkefna.

Síðan er á tveimur tungumálum íslensku og ensku. Hlutverk síðunnar fjölpætt, kynning á íslenskri myndlist, umsókna- og upplýsingagátt fyrir listamenn og fagaðila og fréttaveita. Síðan er margfalt yfirgrípsmeiri en fyrri síður miðstöðvarinnar og virkilega vönduð og gagnleg fyrir starfsemi miðstöðvarinnar til miðlunar.

miðstöð
bibnpleol

Myndlistarstefna til ársins 2030 var samþykkt á Alþingi í maí en henni er ætlað að efla myndlistarmenningu landsins. Myndlistarstefnan á einnig að stuðla að aukinni þekkingu og áhuga almennings á myndlist og bæti lífsgæði og ánægju. Hópurinn sem stóð að stefnuvinnunni kom saman í Listasafni Íslands í júní í tilefni af útgáfu stefnunnar.

„Ef menningu er ekki sinnt, þá missir þjóðin sál sína,“ sagði Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra meðal annars í ræðu sinni. Hún sagði gríðarlega mikilvægt skref að ná að gefa út stefnuna og fá hana samþykkt á Alþingi.

Meginmarkmið stefnunar er að á Íslandi ríki kraftmikil myndlistarmenning, stuðningskerfi myndlistar á Íslandi verði einfalt og skilvirkt og að íslensk myndlist verði sýnileg og vaxandi atvinnugrein. Er einnig fjallað sérstaklega um að íslensk myndlist skipi alþjóðlegan sess.

Með myndlistarstefnunni eru lagðar til markvissar aðgerðir til að einfalda en að sama skapi styrkja stofnana- og stuðningskerfi myndlistar og hlúa markvissar en áður að innviðum atvinnulífs myndlistar. Með því má bæta samkeppnishæfni fyrirtækja og efla útflutning og markaðssetningu á íslenskri myndlist.

„Þetta mikilvæga skref er eitt af mörgum slíkum sem stigin hafa verið á undanförunum árum til að bæta umhverfi menningar- og skapandi greina á Íslandi. Við höfum unnið með skipulögðum hætti á þessari vegferð og það er gaman að sjá eftirtektarverðan árangur raungerast,“ segir menningar- og viðskiptaráðherra um stefnuna.

„Framtíðarsýnin er að myndlist leiki stórt hlutverk í samfélaginu og verði órjúfanlegur hluti af menntun, þroska og daglegu lífi fólks um allt land, óháð aðstæðum.“



Verkefnahóp um gerð myndlistarstefnu skipuðu:
Hildur Jörundsdóttir sérfræðingur hjá Mennta- og
menningarmálaráðuneyti

Auður Edda Jökulsdóttir þáverandi ráðgjafi ráðherra hjá Mennta-
og menningarmálaráðuneyti

Dorothee Maria Kirch þáverandi stjórnarformaður KÍM

Börkur Arnarson ið gallerí

Auður Jörundsdóttir forstöðumaður KÍM

Helgi Þorgils Friðjónsson þáverandi formaður myndlistarráðs

Hlynur Helgason frá myndlistarráði og stjórn SÍM

Harpa Þórsdóttir safnstjóri Listasafns Íslands

Í myndlistarstefnunni eru fjögur meginmarkmið:

- Á Íslandi ríki kraftmikil myndlistarmenning
- Stuðningskerfi myndlistar á Íslandi sé einfalt og skilvirkt
- Íslensk myndlist verði sýnileg og vaxandi atvinnugrein
- Íslensk myndlist skipi alþjóðlegan sess
- Hlutverk Myndlistarmiðstöðvar er að framkvæma ýmist ein eða í samstarfi við aðra aðila talsvert margar aðgerðir stefnunar
- Sumum aðgerðum er lokið aðrar hafnar og sumar bíða framkvæmdar



Aðgerð 1 Sterk staða myndlistar
– var í vinnslu árið 2023

Aðgerð 4 Aukið samstarf um rannsóknir
– hefst í júní 2024

Aðgerð 6 Stofnun Myndlistarmiðstöðvar
– aðgerð lokið

Aðgerð 7 Myndlistarráð verði gert sýnilegra og staða þess styrkt
– aðgerð lokið

Aðgerð 9 List í opinberu rými – breytt skipulag og framkvæmd
– Myndlistarmiðstöð tekur yfir umsýslu Listskreytingasjóðs 2024
og hefur umsjón með starfshópi þegar ný stjórn Listskreytingasjóðs
hefur verið skipuð.

Aðgerð 15 Markviss alþjóðleg kynning og þátttaka
– Aðgerð í gangi

Aðgerð 16 Samstarf og þátttaka í erlendu samstarfi
á sviði myndlistar
– frestað



Horft til framtíðar

Menningarmálaráðuneytið hélt í samstarfi við Myndlistarmiðstöðina málþingið Horft til framtíðar. Málþingið fór fram þann 16. mars í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Dorothee Kirch formaður vinnuhóps um myndlistarstefnu stýrði málþinginu. Markmið málþingsins var að horfa til framtíðar og skoða hvert við stefnum í málefnum myndlistar. Lilja Dögg Alfreðsdóttir setti ráðstefnuna. Framsögur á málþinginu voru í höndum Hlyns Helgasonar, safnstjóra Listasafnsins á Akureyri, Weroniku Balcerak, myndlistarmanns, Pari Stave þáverandi forstöðumanns Skafffells á Seyðisfirði, Ingibjargar Sigurjónsdóttur myndlistarmanns og Bjarka Bragsonar, deildarforseta myndlistardeildar LHÍ. Að lokum fóru fram umræður undir stjórn Ingibjargar Jóhannsdóttur, safnstjóra Listasafns Íslands.

Stefnt er að því að árið 2024 verði annað málþing haldið þar sem farið verður yfir aðgerðir myndlistarstefnunar og stöðu þeirra.



Á árinu hófst áttak í vitundarvakningu um myndlist. Farið var í margþættar aðgerðir til að vinna í því máli. Eftir viðtækt samráð m.a. á vinnufundi fulltrúaráðs miðstöðvarinnar var samróma álit að besta kosturinn væri að nýta þau tól sem þegar eru til og efla. Eitt af því sem þótti brýnast var að auðvelda aðgengi að upplýsingum um sýningarhald víða um land. Komið var á fót nýju sýningardagatali á heimasíðu miðstöðvarinnar. Dagatalið er sérforritað og geta sýningarstaðir og söfn sett inn upplýsingar um sýningar og viðburði. Ný heimasíða miðstöðvarinnar var opnuð í lok nóvember. Þegar síðan hefur verið fínþússuð verða settar af stað auglýsingar á samfélagsmiðlum og í opinberu rými.

Aukinn kraftur var settur í verkefnið Fimmtudagurinn langi, sem er verkefni sem hugsað er í grunninn til vitundarvakningar um myndlist. Meira var lagt í auglýsingar í blöðum og á samfélagsmiðlum.

Í tengslum við Sequences myndlistarhátíð var ákveðið að leggja meiri kraft í kynningu meðal almennings og auka sýnileika hátíðarinnar. Miðstöðin stóð að því í samstarfi við Reykjavíkurborg að útbúa fána hátíðarinnar sem settir voru upp við alla sýningarstaði og í Lækjargötu og víðar í miðbænum. Einnig voru settar upp stórar auglýsingar víða um miðbæinn.

Farið var í sérstakt áttak til þess að kveikja áhuga ungs fólks og þá sér í lagi menntaskólanema á samtímamyndlist. Í samstarfi við háskólanema í myndlist og listfræði var sérstök kynning á Sequences hátíðinni inni í menntaskólum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var boðið upp á sérstakar leiðsagnir um sýningar hátíðarinnar fyrir almennig. Boðið var upp á gönguferðir milli sýningarstaða með listamönnum og leiðsagnir listfræðinema miðuð að ungu fólki. Sérstaklega vel tókst til að laða nýjan hóp inn af gestum á hátíðina og voru alls 7.000 gestir sem sóttu viðburði hátíðarinnar að þessu sinni. Miðstöðin hélt utan um auglýsingar á íslenskum galleríum og söfnum í tímaritinu Artforum, alþjóðlegt listatímarit, í samstarfi við helstu söfn og gallerí á landinu. Keypt var heilsíða í lit þar sem listaðir voru allir helstu sýningarstaðir og dagskrá vorsins. Auk þess hefur verið lögð áhersla á fréttáflutning og auglýsingar gegnum samfélagsmiðla sem ná til breiðs hóps. Meðal annars með öflugum Instagram reikningi sem miðlar helstu viðburðum.

Hlaðvarp

Hlaðvarpsserían Out There kom út mánaðarlega undir stjórn Becky Forsythe og Þórhildar Tinnu Sigurðardóttur. Þættirnir eru á ensku og er þeim ætlað að kynna íslenska myndlist á alþjóðavettvangi og gefa góða innsýn inn í íslenskt myndlistarlíf. Alls komu 10 klukkustundalangir þættir út á árinu, þar var meðal annars rætt við meðlimi Pussy Riot, Sigurð Guðmundsson um ARS LONGA á Djúpavogi og meðlimi Open á Granda um listamannarekin rými. Hlustunartölur hlaðvarpsins hafa hækkað jafnt og þétt og dreifist hlustun víða um heim.

Blaðamenn

Miðstöðin tók á móti nokkrum blaðamönnum frá fagttímaritum á árinu. Þar má helst nefna blaðamenn frá Art Newspaper, ARTnews, Frieze, Artnet News, Wallpaper, I-D, og Artsy. Blaðamennirnir komu í skipulagða fjölmiðlaferð í tilefni af Sequences hátíðinni í október. Ferðin var einnig nýtt til að kynna komandi sýningu á Feneyjatvíæringnum 2024. Haldinn var blaðamannafundur með sýningarstjóra og listamanni íslenska skálans. Einnig voru blaðamannaviðburðir skipulagðir í samstarfi við Listasafn Íslands á sýningu Egils Sæbjörnssonar sem og heimsóknir á sýningar hjá Listasafni Reykjavíkur, Listasafni ASÍ og fleiri staði. Ferðin var skipulögð af Sutton PR og unnin í samstarfi við Íslandsstofu.

Samráðsfundur fulltrúaráðs

Á haustdögum var fulltrúaráði boðið til samráðsfundar þar sem unnið var í hópum. Hver hópur ræddi nokkur atriði þ.á.m. hlutverk og tækifæri miðstöðvarinnar innanlands og leiðir til almennrar vitundarvakningar um myndlist innanlands. Fundinum stýrði Ágústa Kristófersdóttir.

Heilmikið efni kom út úr fundinum sem hefur nýst starfsfólki miðstöðvarinnar við áframhaldandi vinnu.

ÖtziðimætilbnyM

Ársskýrsla 2023

16



Sýning í Gimli

Listahátíð í Reykjavík og Myndlistarmiðstöð hafa síðastliðin ár staðið fyrir litlum sýningum í Gimli. En þær opna að jafnaði í kringum árlegt jólaboð sem allir aðilar sem hafa skrifstofur í Gimli halda og bjóða til sín samstarfsaðilum. Að þessu sinni voru öll þau sem hafa dvalið í Kunstlerhaus Bethanien beðin um að lána verk á sýninguna, en þau eru: Styrmir Örn Guðmundsson, Elín Hansdóttir, Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, Una Björg Magnúsdóttir og Steinunn Önnudóttir.

Sequences


Myndlistahátíðin Sequences var haldin í ellefta skipti og boðið var upp á myndlistarsýningar, gjörninga, tónleika, kvikmyndasýningar og almennt hátíðarhald. Hátíðin hefur aldrei verið jafn stór en yfir 50 listamenn áttu verk á hátíðinni sem spannaði tíu daga, 13.–22. október. Sýningarnar stóðu opnar til 26 nóvember.

Sýningarstjórategymið samanstóð af fjórum eistneskum sýningarstjórum og höfundum: Marika Águ, Maria Arusoo, Kaarin Kivirähk og Sten Ojavee sem hafa unnið saman frá árinu 2017 hjá Estonian Centre for Contemporary Art (CCA). Listrænar áherslur teymisins mótuðust við vinnu að fyrstu sýningunni sem þau stýrðu saman A-tishoo, A-tishoo, We All Fall Down (2019) sem var sýnd í EKKM, Contemporary Art Museum of Estonia. Sequences er samstarfsverkefni Nýlistasafnsins, Kling & Bang og Myndlistarmiðstöðvar. Hátíðin er með samstarfssamning við Reykjavíkurborg, þar sem árlega er veitt fé til hátíðarinnar. En að þessu sinni hlaut hátíðin einnig styrki úr Myndlistarsjóði, Barnamenningarsjóði, OCA Noregi, Goethe, Baltic Culture Fund, Norrænu menningargáttinni, Eistneska menningarmálaráðuneytinu, Frame Finnlandi, Estonian Cultural Endowment og Helvetia Fund.

ÞöteðimoteilbnyM

Ársskýrsla 2023

17



Á árinu fór fram mikil undirbúningsvinna við þátttöku Íslands í Fenejvatvíæringnum árið 2024. Tvíæringurinn stendur frá 20. apríl–20. Nóvember 2024, en foropnunardagar verða frá 18.–20. apríl. Íslenski skálinn verður í Arsenale inni á aðalsvæði tvíæringisins í annað sinn. Það gaf góða raun árið 2022, en yfir 600.000 gestir heimsóttu aðalsvæðið. Myndlistarmiðstöð hefur líkt og áður umsjón með framkvæmdinni.

Hildigunnur Birgisdóttir listamaður og Dan Byers sýningarstjóri hafa unnið að verkefninu allt árið og fundað reglulega með verkefnateyminu. Auður Jörundsdóttir er commissioner skálans f.h. ráðuneytisins, Þórhildur Tinna Sigurðardóttir er verkefnastjóri íslenska skálans og heldur utan um framkvæmdahliðina. Ásgerður Birna Björnsdóttir starfar með listamanninum að framleiðslu og gerð verkanna. Hrefna Sigurðardóttir hönnuður starfar með Hildigunni að hönnun efnis fyrir skálann og ásýnd kynningarefnis. Íslandsstofa hefur staðið þétt við bakið á Myndlistarmiðstöð í kynningu á íslenska skálanum. Miðstöðin og Íslandsstofa hafa gert samning við PR fyrirtækið Sutton sem er breskt PR fyrirtæki sem sérhæfir sig í myndlist.

Myndlistarmiðstöð stóð að heimsókn nokkura blaðamanna til Íslands sem hittu Hildigunni og Dan og tóku við þau viðtöl. Miðstöðin skipulagði einnig listamannaspjalli milli Hildigunnar Birgisdóttur og Dan Byers sýningarstjóra í Scandinavia House í New York í maí.



Aðalverðlaunin féllu í skaut Hrafnkels Sigurðssonar fyrir sýninguna Upplausn í Auglýsingahléi Billboard, í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og Y gallerí.

Hvatningarverðlaunin hlaut Ásgerður Birna Björnsdóttir fyrir sýninguna Snertitaug í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi.

Heiðursviðurkenning myndlistaráðs var veitt í þriðja sinn og var það listakonan Ragnheiður Jónsdóttir sem hlaut hana fyrir einstakt framlag sitt til íslenskrar myndlistar.

Myndlistarráð veitti auk þess þrjár viðurkenningar;

Viðurkenningu fyrir útgæfið efni fengu Æsa Sigurjónsdóttir

ð Snæbjörnsdóttir/Wilson fyrir bókina Óræð lönd: samtöl í sameiginlegum víddum.

Viðurkenningu fyrir áhugaverðasta endurlitið hlaut Listasafn Reykjavíkur fyrir sýninguna Erró: Sprengikraftur mynda í sýningarstjórn Danielle Kvaran og Gunnars B. Kvaran.

Viðurkenning fyrir áhugaverðustu samsýninguna féll í skaut Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík fyrir sýninguna Hjólið V: Allt í góðu í sýningarstjórn Kristínar Dagmarar Jóhannesdóttur.

Myndlistarmiðstöð stendur að framkvæmd verðlaunanna en myndlistarráð veitir verðlaunin og ákvarðar umgjörð þeirra. Dómnefnd Íslensku myndlistarverðlaunanna skipa fulltrúar frá Listaháskóla Íslands, Listfræðafélaginu, SÍM, myndlistarráði og safnstjóra viðurkenndra listasafna.



Myndlist á Íslandi–tímarit Tímaritið Myndlist á Íslandi kom út í þriðja sinn í mars 2023. Blaðið er fagttímarit um íslensku myndlistarsenuna. Tímaritið er samstarfsverkefni Myndlistarmiðstöðvar, Myndlistarráðs, Listfræðafélagsins, Listaháskóla Íslands og SÍM. Ritstjórn blaðsins skipa Starkaður Sigurðarson, Hólmur Hólm og Becky Forsythe. Í tímaritinu má finna greinar um það sem helst er á döfni í íslensku myndlistarlífi, faggreinar, viðtöl og vinnustofuheimsóknir til listamanna. Blaðið er bæði á ensku og íslensku og er afar vandað bæði hvað varðar innihald og útlit. Miðstöðin sér hag í því að standa að útgáfu til kynningar á íslensku myndlistarlífi. Útgáfan hefur sýnt að hún styður við íslenskt myndlistarlíf og hefur ótvírætt fræðslu og kynningargildi út fyrir landssteinana. Miðstöðin hlaut stuðning frá Íslandsstofu til útgáfu blaðsins. Rúmlega 250 blöð voru send úr landi til valinna sýningastjóra, listasafn auk þess sem öll sendiráð Íslands fengu eintök. Utanríkisráðuneytið sá um dreifingu. En tímaritið nýttist vel sem kynningarefni á alþjóðavísu auk þess sem það gegnir gríðamikilvægu hlutverki innanlands.

Umræðuþræðir / Talk Series

Fyrirlestraröðin Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Myndlistarmiðstöðvar, Listaháskóla Íslands og Listasafns Reykjavíkur. Allt frá árinu 2012 hefur fólki sem nýtur viðurkenningar í hinum alþjóðlega listheimi, ýmist á sviði listsköpunar, fræðastarfa eða sýningarstjórnunar verið boðið hingað til lands. Lagt hefur verið upp með að skapa vettvang héraðs fyrir alþjóðleg tengsl og umræður; gestirnir kynnast íslensku listalífi, stunda gestakennslu um leið og þau kynna eigin verk og hugðarefni með opnum fyrirlestrum í safninu. Bandaríska sendiráðið á Íslandi, Goethe Institut og Íslandsstofa styrkja Umræðuþræði. Árið 2023 kom Maria Hlavajova listrænn stjórnandi BAK, basis voor actuele kunst, í Utrecht, Hollandi til landsins á vegum verkefnisins.



Fimmtudagurinn langi

Fimmtudagurinn langi er haldinn síðasta fimmtudag hvers mánaðar, en þá hafa söfn og sýningarstaðir opið langt fram á kvöld, www.fimmtudagurinnlangi.is. Dagurinn var áfram haldinn hátíðlegur af söfnum og sýningarstöðum, enn fleiri staðir hafa bæst í hópinn sem áður var bundinn við miðborg Reykjavíkur.

Nú hefur viðburðurinn teyggt anga sína í Gerðarsafn í Kópavogi og Höfuðstöðina á Ártúnshöfða. Miðstöðin hefur haldið utan um viðburðadagskrána í hverjum mánuði og auglýst á netinu, í útvarpi og dagblöðum. Styrkir til kynningar á Fimmtudeginum langa hafa fengist frá Miðborgarsjóði Reykjavíkurborgar.

Künstlerhaus Bethanien

Samstarf við Künstlerhaus Bethanien hélt áfram en listamönnum frá Íslandi býðst að sækja um vinnustofudvöl til eins árs við Künstlerhaus Bethanien. Einn listamaður er valinn ár hvert. Listamaðurinn Anna Júlía Friðbjörnsdóttir varð fyrir valinu að þessu sinni og dvaldi í gæstavinnustofunni frá sumri 2022 fram til apríl 2023. Anna Júlía hélt einkasýningu undir lok dvalar sinnar og tók stóð Myndlistarmiðstöð að heimsókn sýningarstjóra á sýninguna og hádegisverði í tilefni opunarinnar. Í maí 2023 tók Una Björg Magnúsdóttir við og mun dvelja þar út apríl 2024. Verkefnið er fjármagnað af Menningarmálaráðuneytinu og Viljanda, minningarsjóði.

International Studio and Curatorial Program í New York

Á árinu var skrifað var undir samstarfssamning við International Studio and Curatorial Program, ISCP, um að veita íslenskum listamönnum og sýningastjórum tækifæri til að vinna og dvelja hjá stofnuninni í Brooklyn í New York. Nokkrir íslenskir listamenn hafa gegnum tíðina dvalið þar og hlotið m.a. styrki úr Myndlistarsjóði. Myndlistarsjóður styrkir listamenn, eða sýningarstjóra, til dvalar í þrjú mánuði á ári í þrjú ár, 2024–2027. Umsækjendur þurfa sjálfir að sækja um styrki fyrir framfærslu s.s. listamannalaun. Samningurinn tekur gildi árið 2024, en auglýst var eftir umsóknum í maí 2023. Fjöldi umsókna barst. Myndlistarráð valdi fimm umsóknir sem voru svo sendar áfram til ISCP sem hafði lokavalið í sínum höndum. Kristín Helga Ríkharðsdóttir var valin úr hópi umsækjenda og mun hún dvelja í ISCP í þrjú mánuði frá júní út ágúst 2024.

ÞöteðimnotteibnyM

Ársskýrsla 2023

21



Í apríl bauð miðstöðin íslenskum sýningarstjórum í heimsókn til Vilnius í Litháen á vegum Borderland Poetics samstarfsverkefnis Myndlistarmiðstöðvar, Estonian Centre for Contemporary Art og Rupert Centre for Art, Residencies and Education í Litháen. Í heimsóknina fóru Hlynur Hallsson frá Listasafninu á Akureyri, Kristín Scheving frá Listasafni Árnesinga, Becky Forsythe frá Listasafni Reykjavíkur, Daría Sól Andrews sjálfstætt starfandi sýningarstjóri, Þórhildur Tinna Sigurðardóttir og Auður Jörundsdóttir frá Myndlistarmiðstöð. Heimsóknin til Vilnius var þriðji og síðasti hluti verkefnisins en áður hafa 12 sýningarstjórar komið til Reykjavíkur í sambærilega ferð og sex íslenskir sýningarstjórar farið til Tallinn. Öll helstu söfn og sýningarstaðir borgarinnar voru heimsótt og fékk hópurinn góða innsýn inn í litháenskt myndlistarlíf. Hópurinn tók að heimsóknunum loknum þátt í tveggja daga ráðstefnu um framtíðarhorfur í myndlist með tilliti til umhverfismála og stafrænnar tækni. Auk heimsókna sýningarstjóra er ungum sýningarstjórum eða fólki sem hefur áhuga að starfa innan myndlistarumhverfisins boðið upp á launað starfsnám. Verkefnið hlaut styrk frá Nordisk Culture Point árið 2021. Verkefnið er til þriggja ára og með það að markmiði að efla tengsl milli sýningarstjóra með því að bjóða sýningastjórum í rannsóknarferðir til landanna þriggja. Verkefnið hófst í ágúst 2021 og stóð fram í ágúst 2023.

Miðstöðin tók þátt í viðburðadagskrá listamannareknu listamessunnar Juxtapose í Árósum í ágúst. Messan er haldin annað hvert ár og í hvert sinn er fagfólki frá einu Norðurlandanna boðið að koma og taka þátt í málstofum og dagskrá hátíðarinnar. Aðstandendur hátíðarinnar buðu Erling Klingenberg frá Kling & Bang, Sunnu Ástþórsdóttur frá Nýlistasafninu, Pari Stave frá Skafftelli, Auði Jörundsdóttir frá Myndlistarmiðstöð og Dórutheu Olesen frá i8 til Árósa. Verkefnið eru unnið með styrk frá Norrænu menningargáttinni.



Samstarf við sendiskrifstofur

Fjölbreytt verkefni voru unnin á árinu með sendiskrifstofum Íslands víða um heim. Þar ber helst að nefna samstarfsverkefni milli Myndlistarmiðstöðvar og Íslandsstofu um ferðasýningu í sendiráðum Íslands víða um heim. Sýningin fékk titilinn Outside Looking in, Inside Looking Out og samanstóð af verkum eftir sjö íslenska listamenn af yngri kynslóð. Meginmarkmið sýningarinnar er að halda tengslamyndunarviðburð á hverjum stað fyrir sig. Þar geta bæði miðstöðin og sendiráðin útvíkkað sín tengslanet og náð til fagfólks á hverjum stað fyrir sig. Árið 2023 var sýningin haldin í maí í New York í tengslum við Taste of Iceland viðburð Íslandsstofu, í júní í Amsterdam í pop-up sendiráði íslenska sendiráðsins í Brussel og loks í Helsinki í október í sendiherrabústað Íslands. Árið 2024 er ráðgert að standa að sambærilegum viðburðum í Tokýó, París og Osló.

Einnig var talsverð samvinna við sendiráðið í Berlín sem stendur að metnaðarfullu sýningarhaldi í sendiráðsbústaðnum í samvinnu við Gallerí Guðmundsdóttur í Berlín. Á árinu var einnig opnuð stór sýning í sameiginlegu sendiráði Norðurlandanna, Felleshus. Á sýningunni voru verk eftir margra fremstu samtímalistamenn landsins undir sýningarstjórn Ásdísar Spanó. Einnig var miðstöðin í samstarfi við utanríkistráðuneytið um dreifingu á tímaritinu Myndlist á Íslandi til fagaðila í hverju landi í gegnum sendiskrifstofur Íslands. Eins og áður þá veitti miðstöðin sendiskrifstofum ráðgjöf á sviði myndlistar og átti gott samstarf við menningarfulltrúa utanríkisráðuneytisins.

Ferðastyrkir

Alls voru 3,2 milljónum króna veitt í ferðastyrki árinu. Alls bárust yfir 100 umsóknir í þremur umsóknarlotum yfir árið. Styrkjunum var veitt til listamanna til sýningarhalds og vinnustofudvala víða um heim. Upplýsingar um verkefni og styrkþega má nálgast á heimsíðu miðstöðvarinnar.

Fjármál

ÖtáðimotailbnyM

Ársskýrsla 2023

24

Rekstrartekjur	2023	2022
Menningarráðuneyti	28.000.000 kr.	28.000.000 kr.
Sérstakt framlag vegna Myndlistarstefnu	20.000.000 kr.	
Tekjur og endurgreiðslur v. verkefna	26.225.487 kr.	89.481.906 kr.
Auglýsingatekjur	1.380.000 kr.	1.154.380 kr.
Aðrar tekjur	8.876.347 kr.	2.227.909 kr.
Samtals	84.481.834 kr.	120.864.195 kr.
Rekstrargjöld	2023	2022
Úthlutaðir styrkir	5.298.060 kr.	7.619.957 kr.
Kostnaður vegna verkefna	25.871.922 kr.	71.883.928 kr.
Laun og launatengd gjöld	36.182.929 kr.	24.859.142 kr.
Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	8.116.639 kr.	6.405.471 kr.
Annar rekstrarkostnaður	14.259.229 kr.	5.126.511 kr.
Samtals	89.728.779 kr.	115.895.009 kr.
Afkoma fyrir fjármunatekjur og gjöld	-5.246.945 kr.	4.969.186 kr.
Fjármundatekjur og gjöld	999.600 kr.	283.983 kr.
Rekstrarafkoma ársins	-4.247.345 kr.	5.253.169 kr.

Myndlistarsjóður

ÖtáðimtaibnyM

Ársskýrsla 2023

26

Yfirlit úthlutanna 2013–2022

Ár	Úthlutað	Fj. Umsókn	Styrkhafar
2013	41.500.000	226	70
2014	21.000.000	112	45
2015	18.500.000	117	42
2016	28.050.000	259	80
2017	35.000.000	205	84
2018	40.000.000	316	101
2019	44.350.000	340	130
2020	45.500.000	350	140
2021	83.210.000	426	146
2022	94.000.000	360	154
2023	58.100.000	440	106
Samtals	509.210.000	3.151	1098
Tímabundið Covid átak 2021	57.000.000	413	110
Samtals með Covid	566.210.000	3.564	1.208

Árið 2023 var tæplega 58 milljónum úthlutað úr myndlistarsjóði, í fyrri úthlutun 32.000.000 kr og 26.100.000 kr í seinni úthlutun.

Fyrri umsóknarlota 2023

Fyrri umsóknarfrestur rann út mánudaginn 20. febrúar. Sjóðnum bárust 274 umsóknir, sem var tæplega 80 umsóknum fleiri en á sama tíma á síðasta ári. Sótt var um styrki fyrir rúmum 335 milljónum kr.

2023 FYRRI				
Umsóknir alls	Flokkar		Samtals sótt um	%
52	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir		85.707.319	26%
52	Undirbúningsstyrkir		58.202.800	17%
170	Sýningarverkefni		191.041.579	57%
274			334.951.698	100%

Settar voru saman tvær matsnefndir sem fóru yfir umsóknir og sátu tveir meðlimir úr myndlistarráði í hvorri nefndinni. Í matsnefnd fyrir sýningarverkefni sátu: Anna Jóhannsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir og gestur var Nikulás Stefán Nikulásson.

Í matsnefnd fyrir Undirbúningsstyrki og Útgáfu-, rannsóknar- og aðra styrki sátu: Katrín Elvarsdóttir, Hlynur Helgason og Auður Mikaelisdóttir.

2023 FYRRI				Árangurshlutfall	
Flokkar	Styrkhafar	Úthlutað	%	Upphæðir	Umsóknir
Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	14	8.000.000	25%	9%	27%
Undirbúningsstyrkir	14	5.000.000	16%	9%	27%
Sýningarverkefni	33	19.000.000	59%	10%	19%
	61	32.000.000	100%	10%	22%

Í fyrri úthlutun myndlistarsjóðs árið 2023 hlutu 33 sýningarverkefni styrk fyrir alls 19 milljónum króna. Meðal verkefna sem hlutu styrk var myndlistartvíæringurinn Sequences sem haldinn var í ellefta sinn í október 2023. Sequences hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur fyrir þróun myndlistar á Íslandi. Sýningarstjórar hátíðarinnar að þessu sinni eru Marika Águ, María Arusoo, Kaarin Kivirähk og Sten Ojavee. Sýningarröðin SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR hlaut 1.600.000 kr. En Gerðarsafn hefur haldið sýningarröðina síðan árið 2015 og skoðar röðin stöðu skúlptúrsins sem miðils í íslenskri samtímalist. Sýnendur voru: Andreas Brunner, Anna Líndal, Claire Paugam, Elísabet Brynhildardóttir, Eygló Harðardóttir, Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar, Ingrid Ogenstedt, Ívar Glói Gunnarsson Breiðfjörð, Martha Haywood og Raimonda Sereikaité. Gjörningadagskrá Kling & Bang hlaut 900.000 kr. Í tilefni af 20 ára afmæli Kling & Bang verður blásið til kröftugrar gjörningahelgi í öllum sölum gallerísins þar sem 13 listamönnum er boðið til leiks og munu þeir fremja tíu splunkunýja gjörninga að þessu tilefni. Safnasafnið hlaut 800.000 kr. í flokki útgáfustyrkja. Safnið er að undirbúa yfirgripsmikla rannsókn á íslenskri alþýðulist aftur í aldir, fyrsta skrefið er að skoða tímabilið frá ca. 1900 til 1960. Aðrir sem hlutu styrk í þessum flokki eru m.a. Eirormur, Hafnarborg, Kling & Bang, Listasafn Reykjavíkur auk annarra. Alls fengu 14 verkefni undirbúningsstyrk upp á alls 5 milljónir króna. Hæstu undirbúningsstyrkina hlaut annarsvegar sýningarstjórinn Heiðar Kári Rannversson fyrir sýningu Sóleyjar Ragnarsdóttur sem sett verður upp á Íslandi og ferðast svo til Danmerkur og hinsvegar Heimsendi Menningarfélag Óskarsbragga fyrir verkefnið Túndran og Tifið á Sléttu, vinnustofu og sýningarverkefni 15 listamanna. Einnig hlutu Ágústa Björnsdóttir, Björk Viggósdóttir, Guðjón Bjarnason og Tara Njála Ingvarsdóttir meðal annarra undirbúningsstyrk.

2023 SEINNI			
Umsóknir alls	Flokkar	Samtals sótt um	%
26	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	40.400.000	21%
37	Undirbúningsstyrkir	43.800.000	22%
103	Sýningarverkefni	110.800.000	57%
166		195.000.000	100%

Í seinni umsóknarlötu sátu eftirfarandi aðilar í matsnefnd fyrir sýningarverkefni: Katrín Elvarsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir og gestur var Unnar Örn.

Í matsnefnd fyrir Undirbúningsstyrkir og Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrki sátu: Anna Jóhannsdóttir, Hlynur Helgason og gestur var Ynda Eldborg.

2023 SEINNI				Árangurshlutfall	
Flokkar	Styrkhafar	Úthlutað	%	Upphæðir	Umsóknir
Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	7	3.700.000	14%	9%	27%
Undirbúnings- styrkir	7	5.500.000	21%	13%	19%
Sýningarverkefni	31	16.900.000	65%	15%	30%
	45	26.100.000	100%	13%	27%

Í seinni umsóknarlotunni hlutu 31 sýningarverkefni styrki fyrir alls 16,5 milljónir króna. Hæsta styrkinn, 2.000.000 kr. hlaut myndlistartvíæringurinn Sequences sem var haldinn í október. Sequences hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur fyrir þróun myndlistar á Íslandi og á hátíðinni 2023 var áhersla lögð á samband manns við náttúru þjóðsagnir og samtímann. Þór Vigfússon hlaut 1.000.000 kr. fyrir einkasýningu í Gerðarsafni sem haldin verður árið 2024, en Þór hlaut Gerðarverðlaunin árið 2021 fyrir ríkulegt framlag sitt til höggmynda- og rýmislistar á Íslandi. Listasafn Ísafjarðar hlaut 900.000 kr. styrk fyrir metnaðarfullri sýningardagskrá árið 2024. En nú stendur fyrir dyrum uppbygging á sýningardagskrá samtímalistar á safninu.

Í flokknum Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir bárust 26 umsóknir en sjö verkefni hlutu styrk upp á 3,7 milljónir króna. Þar hlutu hæsta styrki útgáfur um myndlistarmenn. Þar ber helst að geta útgáfu bókar um verk Borghildar Óskarsdóttur og bókarinnar SAMSPIL sem gefin er út til heiðurs Ragnari Kjartanssyni eldri. Útgáfa um verk Borghildar kemur út samhliða yfirlitssýningu hennar á Kjarvalsstöðum 2024. Sýningin er liður í rannsóknarverkefni sem fjallar um hlut kvenna í íslenski myndlistarsögu, en að þessu sinni rannsakar Aðalheiður L. Guðmundsdóttir listferil Borghildar Óskarsdóttur.

Í flokki undirbúningsstyrkja bárust 37 umsóknir og alls var veitt 5.500.000 kr. til sjö verkefna. Hæsta styrkinn hlaut Akadémía skynjunarinnar, 1.000.000 kr. til verkefnisins Umhverfing, sýningar sem haldin er um allt Suðausturland, frá Fagurhólsmýri að Höfn í Hornafirði.

Grafísk hönnun
Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)

Ljósmyndir
Myndlistarmiðstöð
Gunnlöð Jóna
Vikram Pradhan

Letur
Oasis
Universal Thirst

